



Hús við Langeyrarveg



Viðbygging Laugarásveg Gláma Kím



Nýbygging Nýlendugötu - Arkþing Nordic



Fyrirhuguð uppbygging á Dvergsreit - Krads / Trípólí

FYRIRVARI. Skilmálablöð lesist með deiliskipulagi, skipulagsskilmálum og skilmálatöflum. Um framkvæmdir gilda skipulags- og byggingarlög og -reglugerðir og lög um menningarminjar. Engin leyfi verða veitt nema að undangengnu umsóknarferli til byggingaryfirvalda í Hafnarfirði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Almennt

Við Langeyrarveg standa nokkur gömul hús sem þarfnast viðhalds eða endurnýjunar á komandi árum. Breytingar eru heimilaðar skv. skilmálum og skilmálatöflum. Allar breytingar miða að því að gera götumynd heilsteyptari og skipulagsskilmálar taka mið af næstu húsum. Ef byggingar eiga að vera nær lóðarmörkum en 3m þarf samþykki aðliggjandi lóðarhafa.

Langeyrarvegur 1 og 5

Heimilt er að hækka núverandi hús og byggja við eða að byggja nýtt hús í stað gamals. Krafa er um mænispak. Klæðningarefni skulu vera bárujárn eða timbur. Nýbyggingar skulu endurspegla byggingarár sitt en taka tillit til bygginga sem fyrir eru hvað varðar form og efni. Skúr á vestanverði lóð nr. 1 skal fjarlægður vegna sambrunnahættu.




Langeyrarvegur 7

Heimilt er að hækka hús í samræmi við útlismynd. Heimilt er að byggja við húsið á baklóð. Grunnflötur viðbyggingar er heimill allt að 20m².

Langeyrarvegur 1 og Vesturbraut 13 - lóðarmörk

Skv. fyrirbyggjandi uppdráttum stendur bílskúr á lóðinni Vesturbraut 13 um 0,5m frá lóðarmörkum. Lóðarhöfum umræddra lóða er heimilt að semja um breytt lóðarmörk á milli lóðanna án þess að breyta þurfi deiliskipulagi þessu.

FYRIRMYNDIR



GRUNNMYND mkv. 1:500 m.v. A3

**SKILMÁLABLAÐ SK-050
LANGEYRARVEGUR 1-7**

- Mörk deiliskipulags
- Mörk verndarsvæðis í byggð
- Núverandi bygging
- Byggingarreitur / hámarks nýting
Dæmi um mögulega byggingu
- Niðurrifsh. Flutningsheimild
- Hækkun húss heimil
- Viðbyggingarheimild
- Fjöldi hæða
- Mænissstefna
- Ný lóð - lóðarstækkun
- Lóðarmörk úr gildi
- Gangstétt Torg
- Vistgata Gata
- Upphækkun / hellulögn
- Bíla- (hleðslu)stæði - leiðbeinandi
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- Hámarksfjöldi bílastæða á lóð
- Opið svæði / hraun
- Trjágróður - leiðbeinandi
- Leiksvæði
- Spennistöð núv. / heimil